



MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA 2012



Byggingar skólans 9. mars 2009. Talið frá vinstri: Íþróttahús, bóknámshús, heimavist og verknámshús.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hlutverk	3
Skipulag	3
Helstu viðburði í skólahaldinu	4
Markmið og stefna	5
Innritun nemenda	5
Nemendafjöldi, kennslumagn og brottfall	5
Aðsókn í framhaldsnám á Vestfjörðum í ljósi sögunnar	7
Námsframboð og skipting nema á brautir	9
Skapandi skólastarf	10
FABLAB	10
Skólakórinn	11
Félagslíf nemenda	11
Sólríshátíð	12
Íslandsmót iðn- og verkgreina	14
upphaf haustannar	15
Móttaka nýnema	16
Starfsmannahald	18
Sjálfsmat og eftirfylgni	20
Forvarnarstarf	21
Heilsueflandi framhaldsskóli	21
Lífsleikni	22
KAPPRÓÐRABÁTAR	22
Baráttudagur gegn einelti	22
Foreldrasamstarf	23
AFREKSÍÞRÓTTIR	23
Málþing nemenda um mikilvægi íþróttastarfs	24
Öryggismál	24
Erlend samskipti og Heimsóknir	25
Þróunarverkefni og samstarf	26
Kennsluhættir og námsmat	27
Upplýsingatækni	27
Fjármál og rekstur	28
Rekstrarleiga - tölvubúnaður	28
Samdráttur í fjárheimildum	29
Endurnýjun og viðbætur við búnað	29
Stuðningur við Innflytjendur	30
Rekstur starfsbrauta, sérkennsla	30
Veikindaforföll	30
Framtíðarhorfur	31
Útskrift	32

INNGANGUR

Í ársskýrslu þessari er farið yfir þau verkefni sem Menntamálaráðuneytið og stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði hafa gert samkomulag um og birtist í skólasamningi. Vinna við skólasamning milli Mennta- og menningamálaráðuneytis og Menntaskólans á Ísafirði fyrir næstu þrjú skólaárin er í sífelldri endurskoðun. Tveir skólasamningsfundir voru haldnir á árinu sá fyrri 20. febrúar og sá síðari 13. nóvember. Starfssemi skólans er lýst og áhersla lögð á framkvæmd markmiða ársins með birtingu tölulegra upplýsinga og samanburði við skólastarfið nokkur ár á undan.

HLUTVERK

Menntaskólinn á Ísafirði starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi MÍ þjóna því.

Hlutverk MÍ er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins og því er lögð rík áhersla á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslóðum skólans. Boðið er upp á nám á verk- og starfsnámsbrautum, bóknám til stúdentsprófs og nám á starfsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki einnig mið af þörfum samfélagsins. Menntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám bæði á bóknámsbrautum og á starfsnámsbrautum. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálf þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Í skólanámskrá mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.

SKIPULAG

Skipulag yfirstjórnar skólans skv. 1. grein reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007 er skilgreint í skólasamningi menntamálaráðuneytis og skólans. Skólanámskrá er stöðugt í endurskoðun fyrir hvert skólaár og vistuð á heimasíðu skólans <http://www.misa.is/skolanamsskra/>. Skipulag skólans hefur verið nær óbreytt í allmörg ár. Skólinn hefur bundið áfangakerfi sem þýðir að flestir áfangar eru annaðhvort í boði á haustönn eða á vorönn, fáir áfangar eru í boði báðar annir og sumir áfangar eru einungis í boði annað hvert skólaár. Með þessu fyrirkomulagi næst fram hámarksnýting í hópa. Út af þessu var þó brugðið frá haustönn 2004 til haustannar 2006 en þá voru flestir bóklegir áfangar í boði báðar annir. Áfangakerfið gerir nemendum kleift að hafa áhrif á námshraða sinn og kjósa margir nemendur að hraða námi sínu en öðrum hentar að fara hægar yfir. Skólaárið skiptist í tvær annir. Hvorri önn lýkur með jafn mikilvægu lokamati í hverjum áfanga. Skólaárið er nú skilgreint samkvæmt lögum frá 22. ágúst til 31. maí. Skólinn stefnir að því að því að minnka vægi lokaprófa og auka leiðsagnarmat enn frekar.

HELSTU VIÐBURÐI Í SKÓLAHALDINU

Vorönn 2012

Starf með nemendum 4. jan.-19. maí
1. kennsludagur 4. jan.-töflubreytingar
Árshátíð föstudaginn 3. febrúar
Miðannarmat sent út 15. feb.
Sólrishátíð 2. - 11. mars
Gróskudagar 7. - 9. mars
Valdagur 22. mars
Kosningavika 9.-13. apríl
Páskaleyfi 2. - 10. apríl
Síðasti kennsludagur/Dimission föstud. 27. apríl
Vorpróf 2. - 16. maí.
Endurtekt /sjúkrapróf 15-16. maí
Prófsýning 18. maí
Útskrift og skólaslit, 19. maí
Starfsdagar kennara, ferð til Kanada 21.-28. maí

76	Kennsludagar
14	Prófadagar og annað
90	Samtals

Haustönn 2012

Starfsdagar kennara 23. og 24. ágúst
Heimavist opnuð föstudag 26. ágúst
Starf með nemendum 27. ágúst -19. des
Skólasetning og upphaf kennslu mánudag 27. ágúst
Lotumat 1 sent út 27. september
Löng helgi 19.-22. október
Valdagur 25. október
Síðasti kennsludagur 30. nóvember
Haustpróf 3.-15. desember
Endurtekt og sjúkrapróf 14.-15. desember
Prófsýning 17. desember
Útskrift 19. desember
Skiladagur 18. desember
Jólaleyfi 20. des - 4. janúar

68	Kennsludagar
15	Prófadagar o.fl.
83	Samtals

175	Alls á skólaárinu 2011-2012
-----	-----------------------------

MARKMIÐ OG STEFNA

Markmið skólans eru birt í skólasamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og skólans og í skólanámskrá á heimasíðu skólans www.misa.is. Þar er einnig áætlun um hvernig skólinn muni framfylgja þeim. Markmið og stefna skólans var skilgreind af stjórnendum og starfandi teyllum og nefndum skólans sem eru: Eineltisteymi sem í sitja tveir stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar. Forvarnarteymi sem í sitja stjórnendur, forvarnarfulltrúi, náms- og starfsráðgjafar og kennarar í lífsleikni. Jafnréttisnefnd en hún er skipuð fjórum starfsmönnum og er einn þeirra jafnframt tengiliður skólans. Sjálfsmatsnefnd sem í sitja aðstoðarskólameistari, náms- og starfsráðgjafi/námsskrárstjóri, bókavörður og kennari. Öryggisnefnd sem skipuð er af skólameistara, öryggisráðgjafi, húsvörður og tveimur kennurum. Sérstök umbótaáætlun var sett fyrir hvora önn.

INNTRITUN NEMENDA

Skólinn hefur hingað til getað þjónað breiðum nemendahópi á þann hátt að sem flestir fá menntun við hæfi. Upptökusvæði MÍ eru norðanverðir Vestfirðir. Á vorönn var sérstök kynning fyrir grunnskólanema í 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum og var þeim þá boðið í skólann. Þar var námsframboð kynnt og húsakynni sýnd og stjórn nemendafélagsins kynnti félagslífið.

Við innritun var farið eftir verklagsreglum frá menntamálaráðuneytinu og reglugerð um innritun í framhaldsskóla nr. 1150/2008 með breytingum nr. 204/2012.

Eftir valdag 22. mars og forinnritun nýnema í mars og apríl var áætlun gerð um áfanga í boði og hópafjölda. Síðan var kennsluskipting gerð og áætluð þörf fyrir dreifnám metin út frá hópastærðum. Kennsluskipting var síðan borin undir sviðstjóra og síðan kynnt fyrir einstökum kennurum. Nokkrir nemendur sækja alltaf um nám eftir að umsóknarfresti lýkur og eru þeir þá innritaðir ef pláss leyfir í hópum. Innritun í P-nám lauk að mestu í fyrstu viku annarinnar en nokkrar umsóknir voru afgreiddar viku síðar.

NEMENDAFJÖLDI, KENNSLUMAGN OG BROTTFALL

Nemendahópurinn er að mestu af norðanverðum Vestfjörðum og hefur þessi hópur tæpast annan valkost. Skólinn verður því að vera með fjölbreytt námsframboð til þess að hver nemandi eigi raunverulega valkosti og notfæri sér það í samræmi við áhugamál sín og hæfileika. Í töflu 1 eru ýmsar staðtölur um skólahaldið er snerta nemendur. Aðsókn nýnema var mun betri nú en fyrir ári en þá voru nýnemar 70. Nýnemar voru 84 sem hófu nám í framhaldsskóla í fyrsta sinn. Flestir eða 76 komu frá grunnskólum af norðanverðum Vestfjörðum. Í fyrsta sinn í 42 ára sögu skólans gerðist sá merki viðburður að úr hópi nýnema voru þrjúburar. 8 nýnemar koma víðs vegar af landinu. 225 nemendur voru endurinnritaðir og af eldri nemendum voru 37 á aldrinum 22-64 ára. Samtals voru 308 nemendur sem hófu nám á haustönn 2012 eða 163 karlar og 145 konur.

Tafla 1. Kennslumagn, nýnemar, ársnemendur og brottfall dagskólanema 2003-2012

Ár/Önn	Kest/viku Dagskóli	Kest/viku -Verknám	Kest/viku Dreifnám	Kest/viku Starfsbraut	Kest/viku Kvöldskóli	Samt. kest./viku utan starfsbrauta	Yfirvinna klst/mán vegna kennslu	Kest/viku Grunnsk.-valgr. í verknámi	Nýnemar í 10. b. norðanv. Vestfj.	Innr. nýnemar	Heimtur nýnema %	Ársn. í dagskóla-efir töflubreytingar	Ársnem. í próf	Brottfall úr áföngum í dagskóla
20031	544		0	94	64	608		0				276	249	9,8%
20032	572		0	72	62	634		0	97	81	84%	315	277	12,1%
20041	619		0	66	34	653		0				306	272	11,1%
20042	625		0	62	41	666		0	91	96	105%	337	284	15,7%
20051	634	136	0	62	36	743		0				311	298	4,2%
20052	677	142	0	55	46	723		0	80	83	104%	337	295	12,5%
20061	676	116	0	64	24	700		0				258	241	6,5%
20062	584	109	0	58	0	584		0	71	71	100%	293	276	5,8%
20071	593	131	26	65	0	619		0				267	236	11,9%
20072	578	155	27	61	19	624	530	0	80	54	68%	286	252	11,9%
20081	598	170	25	63	38	652	702	0				268	235	12,3%
20082	537	140	12	69	17	566	780	14	83	77	93%	271	260	8,1%
20091	517	161	13	64	28	570	628	14				274	240	12,4%
20092	556	140	18	43	12	564	656	16	87	84	97%	293	279	4,8%
20101	506	131	11	38	6	523	344	16				250	227	9,2%
20102	542	132	4	39	0	546	433	12	80	77	96%	295	265	7,5%
20111	502	135	6	38	6	526	89,6	0				255	236	7,5%
20112	512	132	4	38	4	515	109	0	74	70	91%	284	279	9,5%
20121	533	141	8	28	0	527	70	0				272	264	3,1%
20122	507	131	6	11	0	513	109	0	76	84	111%	291	285	1,9%

Þó höfðatalan sé svipuð og undanfarin ár þá voru nemendur innritaðir í aðeins fleiri áfanga en undanfarin ár eða sem nemur 7 ársnemum fleiri en var við upphaf síðasta skólaárs. Allt eru þetta nemendur í dagskóla. Um ástæður þess að nemendur skrá sig í fleiri áfanga er ekki vitað en ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á kennsluháttum og námsmati gætu haft hér veruleg áhrif. Þessar breytingar virðast einnig hafa haft veruleg áhrif til að sporna gegn brottfalli. Nám í kvöldskóla hefur ekki verið í boði undanfarin mörg ár að undanskildu námi fyrir iðnmeistara. Þess í stað stendur nemendum skólans og reyndar öllum utan hans til boða að skrá sig sem svo kallaða P-nemendur og fá þeir þá álíka þjónustu og fjarnámsnemar en geta þó sótt einstakar kennslustundir ef húsrúm og hópastærðir leyfa.

Á vorönn 2012 hlutu 272 ársnemendur lokamat, heldur fleiri en búist var við. Af 308 nemendum sem hófu nám um haustið fengu 300 lokamat eða 97% nemenda og reknast ársnemendur haustannar vera 285. Ársnemendur utan starfsbrauta voru 276 á öllu árinu. Venja er að miða brottfall við loknar einingar og reknast brottfall á haustönn vera 1,9% sem er sögulegt lágmark en á öllu árinu reknast brottfallið 2,5%. Til viðmiðunar hefur brottfallið verið rúm 8% undanfarin þrjú ár og í mörg ár þar á undan um 10% að meðaltali. Ástæðan fyrir minnkandi brottfalli má rekja til leiðsagnarmatsins og breyttra kennsluhátta auk þess sem starfs- og námsráðgjöf hefur verið markvissari undanfarin ár. Leiðsagnarmat byggir á mun fleiri þáttum en hefðbundin próf

gera. Fullyrða má að með breyttum kennsluháttum og fjölbreyttu námsmati verður námsárangur nemenda betri enda hefur fjöldi rannsókna sýnt að vandað leiðsagnarmat bætir námsárangur.

Skipuleg söfnun skráninga og upplýsinga um ástæður brotthvarfs úr MÍ var gerð í fyrsta sinn á haustönn. Alls hurfu 8 nemendur frá námi í Menntaskólanum á Ísafirði s.l. haustönn. Skipting eftir aldri, kyni og ástæðum brotthvarfs eru eftirfarandi:

Tafla 2. Ástæður brotthvarfs nemenda

Kyn	Fæðingarár	Ástæður brotthvarfs
Kona	1996	Persónulegar ástæður
Kona	1995	Hafði ekki áhuga á námsframboði í MÍ og skipti um skóla
Kona	1989	Persónulegar ástæður
Kona	1983	Líkamleg veikindi
Karl	1996	Persónulegar ástæður
Karl	1994	Nám of erfitt, fór að vinna
Karl	1993	Persónulegar ástæður, fór að vinna
Karl	1984	Var í námi með vinnu, of erfitt


AÐSÓKN Í FRAMHALDSNÁM Á VESTFJÖRÐUM Í LJÓSI SÖGUNNAR

Menntaskólinn á Ísafirði er ein mikilvægasta þjónustustofnun byggðarlagsins sem gegnt hefur lykilstöðu í atvinnu- og menningarlífi Ísafjarðar og nágrennis. Fjölbreytt námsframboð, gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu ásamt fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi og atvinnutækifærum og góðar samgöngur milli þéttbýliskjarna eru þeir þættir sem ráða mestu um búsetuval.

Margir þættir hafa haft áhrif á aðsókn að skólanum og námsframboði. Sögu framhaldsskólanáms á Vestfjörðum má lesa úr myndritinu á næstu síðu. Það sem hér fer á eftir er að mestu tekið upp úr riti Björns Teitssonar¹. Breyting á nemendafjölda frá 1973, þegar skólinn var fyrst fullsetinn með fjóra árganga, er sýnd á stöpla- og línuriti og ártölin tengd við ýmsa viðburði í sögu skólans og Vestfjarða. Tölurnar eiga lengst af aðeins við um dagskóla en ekki öldungadeildir, meistaraskóla eða aðrar deildir sem reknar hafa verið á kvöldin.

Eftir niðurfellingu landsprófs, 1975, voru inntökuskilyrði í menntaskóla rýmkuð sem svo leiddi til meira brottfalls. Nýir fjölbrauta- og menntaskólar risu í öðrum landshlutum og bein og óbein samkeppni ríkti um nemendur. Sex skólar, þar af fimm nýir fengu rétt til að brautskrá stúdenta árin 1968-75, flestir þó á Reykjavíkursvæðinu. Síðan voru lögð drög að fimm framhaldsskólum utan höfuðborgarsvæðisins 1976-79, og tveir bættust við 1981. Góð fjölgun átti sér stað í Menntaskólanum fyrstu árin uns árgangar voru orðnir fjórir og skólinn því kominn í fulla stærð. Síðan hélst fjöldinn nokkuð haustin 1973-1978, nemendur voru alltaf um 150-160 talsins, en fór lítt fjölgandi. Fækkun verður árin 1979-1980 og voru nemendur 104 árið 1980, færri en nokkru sinni. Eftir það fjölgaði hægt til ársins 1988, og haustin 1981-1988 var fjöldinn nokkurn veginn á bilinu 125-140.

¹ Saga Menntaskólans á Ísafirði til 2008 (bls. 319-322).



Aðsókn að Menntaskólanum á Ísafirði í ljósi sögunnar.

Menntaskólinn á Ísafirði gjörbreytti um eðli þegar Iðnskólinn á Ísafirði var sameinaður honum 1989. Haustið 1988 höfðu nemendur við Iðnskólann verið 72 og vegna sameiningarinnar fjölgaði nemendum MÍ upp í 196. Nemendum hins sameinaða skóla fór svo fljótt fjölgandi til ársins 1995 og voru um það bil 250-275 í dagskólanum öll haustin 1995-2001. Haustið 2002-2004 fjölgaði nemendum árlega og haustið 2004 voru nemendur í dagskóla orðnir 339. Eftir þriggja ára fækkun fjölgaði svo aftur og varð metaðsókn haustið 2008 þegar 349 nemar voru í dagskóla.


Samanburður á þróun nemendafjölda í dagskóla í MÍ við fjöldann á landinu öllu leiðir í stórum dráttum í ljós nokkra samsvörum, þ.e. verulega fjölgun á áttunda áratug 20. aldar en litla fjölgun næsta áratug. Eftir 1995 varð svo heldur meiri fjölgun í MÍ en nam landsmeðaltali, og fjölgun í skólanum árin 2002-2004 var mun meiri en að meðaltali á landinu. Fækkunin í MÍ 2005-07 rímar þó ekki við landsmeðaltal.

Stofnuð var öldungadeild við MÍ haustið 1981, og hefur kennslan þar ávallt farið fram á kvöldin. Árið 1990 var fyrst farið af stað með útibú frá öldungadeildinni, og voru þau næstu ár rekin á Flateyri, Patreksfirði, Hólmavík og Reykhólum. Eftir 1995 hefur ekkert slíkt útibú verið rekið en Fræðslumiðstöð Vestfjarða sér þess í stað um endurmenntun af ýmsu tagi. Kennsla í öldungadeild féll niður vegna fjárskorts veturna 1993-94. Vegna niðurskurðar og breytinga í námsmöguleikum hefur eiginleg öldungadeild ekki verið í boði frá 2006.

Meistaraskóli fyrir iðnaðarmenn hefur verið rekinn á kvöldin öðru hvoru hin seinni ár. Á árinu 2004 var einnig farið af stað með nýbúafraeðslu og svonefnda félagsliðabru við MÍ. Þá var haustið 2007 farið af stað með dreifnám í samfélagstúlkun. Haustið 2004 náði nemendafjöldi hámarki í kvöldskóla MÍ.

NÁMSFRAMBOÐ OG SKIPTING NEMA Á BRAUTIR

Skipting nema eftir höfðatölu á námsbrautir á haustönn er sýnd hér grafískt og í töflu 2. Miðað er við stöðuna 15 október.



Hlutfallsleg skipting nema eftir höfðatölu á námsbrautir haustið 2012.

Eins og áður eru margar námsbrautir í boði og eru hér í töflu 2 allar brautir sýndar sem staðfestar hafa verið af ráðuneytinu og verið í boði frá haustönn 2007.

Undanfarin mörg ár hefur framvinduáætlun námsbrauta verið í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að fá sem besta nýtingu í hópa. Hefur þetta skilað þeim árangri að hægt er að bjóða upp á meira námsframboð með minni tilkostnaði.

Mun fleiri innrituðust í haust á fyrsta ár í málmiðn- og vélstjórnargreinar en reiknað var með. Í vor var ákveðið að bjóða aftur upp á stálsmíði vegna mikils þrýstings frá 3X-Technology en mikil vöntun er á málmiðnaðarmönnum hér, eins og reyndar á landinu öllu. Fyrirtækið hefur verið í góðu samstarfi viðskólann og mun eins og áður bjóða upp á fría kennsluástöðu og efni.

Niðurskurður fjárframlaga til skólans hefur þó bitnað verulega á námsframboði. Með aukinni aðsókn í vélstjórn og málmsmíði aukast kröfur á að B-nám vélstjórnar og stálsmíði verði í boði a.m.k. á tveggja ára fresti. Gert er ráð fyrir að kennslumagn þurfi að aukast á haustönn 2013 um eitt stöðugildi vegna sjúkraliðabrautar og vegna fleiri hópa í stafrænni smiðju (FabLab).

Tafla 2. Hlutfallsleg skipting nema eftir höfðatölu á námsbrautir frá haustönn 2007

Skst.	Heiti námsbrauta	Haust 2007		Haust 2008		Haust 2009		Haust 2010		Haust 2011		Vor 2012		Haust 2012	
AN	Almenn námsbraut	53	15%	49	14%	52	15%	43	14%	24	8%	27	9%	36	12%
FÉ	Félagsfræðabraut	85	25%	97	28%	81	24%	112	36%	98	32%	96	31%	104	34%
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	6	2%	7	2%	2	1%	3	1%	0	0%	0	0%	0	0%
NÁ	Náttúrufræðibraut	56	16%	62	18%	67	20%	62	20%	102	34%	103	33%	96	32%
HG9	Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	0%	2	1%	3	1%	3	1%	1	0%	1	0%	1	0%
SB	Starfsbraut	5	1%	8	2%	5	2%	5	2%	6	2%	6	2%	3	1%
SJ	Sjúkraliðabraut	21	6%	20	6%	22	7%	19	6%	16	5%	16	5%	5	2%
GR	Grunndeild rafiðna	1	0%	4	1%	1	0%	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
MG	Grunnnám málmíðngreina	11	3%	15	4%	13	4%	9	3%	12	4%	9	3%	16	5%
SM8	Stálsmiði - iðnnám á verknámsbraut	10	3%	4	1%	10	3%	0	0%	1	0%	2	1%	6	2%
VS8	Vélvirkjun	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%	2	1%	0	0%	0	0%
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	3	1%	8	2%	3	1%	1	0%	1	0%	1	0%	0	0%
HÚ8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	10	3%	14	4%	6	2%	6	2%	8	3%	4	1%	0	0%
HÚ9	Húsasmíði - samningsbundið iðnnám	7	2%	1	0%	12	4%	4	1%	4	1%	2	1%	0	0%
MEI	Almennt iðnmeistaránám	18	5%	10	3%	9	3%	3	1%	0	0%	0	0%	0	0%
VVA	Vélstjóranám 1.stig	30	9%	15	4%	25	7%	29	9%	19	6%	19	6%	24	8%
VVB	Vélstjóranám 3stig	0	0%	10	3%	3	3%	1	0%	11	4%	10	3%	3	1%
HG	Hársnyrtiðnbraut	10	3%	6	2%	12	4%	10	3%	15	5%	12	4%	9	3%
STÚ	Samfélagstúlkun	17	5%	20	6%	5	2%	1	0%	0	0%	0	0%	0	0%
	Samtals höfðatala:	344		352		331		311		320		308		303	
	Á iðn- og starfsnámsbrautum	111	32%	107	30%	116	35%	82	26%	89	28%	75	24%	63	21%

Dræm aðsókn á einstakar brautir og þá aðallega iðn- og verknámsbrautir hefur leitt til þess að skólinn hefur orðið að fella niður brautir tímabundið eins og staðreyndin hefur verið t.d. með matartækninám og grunndeild rafiðna um alllangt skeið.

SKAPANDI SKÓLASTARF

Skólastarfið á haustönninni var fjölbreytt og öflugt eins áður. Á hverri önn er boðið upp á rúmlega hundrað mismunandi áfanga. Flestir þeirra eru hefðbundnir enda taldir nauðsynlegir til að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun, eins og staðið hefur í námskrá framhaldsskóla í mörg ár. Margir aðrir þættir í skólastarfinu eru ekki síður mikilvægir til þess að rækta og njóta þeirra gæða sem búa í manneðlinu og hafa gildi hér og nú. Í Menntaskólanum á Ísafirði eins og í öllum skólum fer fram skapandi starf og trúlega miklu víðar í skólastarfi en mörgum er ljóst.

FABLAB

Sú nýlunda var tekin upp við upphaf haustannar að boðið var upp á svo kallaða Fab-Lab áfanga í stafrænni smiðju sem hóf starfssemi í byrjun september. Fab Lab (Fabrication Laboratory) er

stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Hér fær hugmyndaflugið nýja vængi til að efla sköpunarkraftinn og íbúar hér fá aðstoðu til að skapa sér lífsviðurværi með eigin hugmyndum.

SKÓLAKÓRINN



Kór MÍ undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur flutti tónlist við útskriftarathöfn.

Skólakórinn er gott dæmi um óhefðbundna áfanga sem nemendur geta valið. Söngur og tónlistariðkun eykur lífsgleði og virkjar sköpunarkraft. Skólakórinn var áfram undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur. Um 20 nemendur hafa verið í kórnum. Skólakórinn kom fram við ýmis tækifæri eins og útskriftarathafnir og tónleika. Skólakór er táknrænt merki um góðan skólabrag og vonandi mun kór MÍ eflast enn frekar á komandi árum.

FÉLAGSLÍF NEMENDA

Félagslíf nemenda er stór þáttur í skólastarfinu og var það að venju mjög öflugt sem má öðru fremur þakka rösklegri stjórn nemendafélagsins. Lið MÍ sigraði andstæðinga sína úr FB í annarri umferð Morfís 12. janúar. Keppnin fór fram í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti og var mjög spennandi. Úrslitin urðu þau að MÍ sigraði með 9 stiga mun og einn dómari af þremur dæmdi MÍ til sigurs. Ræðumaður kvöldsins kom frá FB. Stuðningsmannalið MÍ stóð sig einnig með eindæmum vel, frábær frammistaða hjá krökkunum eftir margra klukkutíma rútuferð til Reykjavíkur.

Ný stjórn NMÍ var skipuð 11. apríl 2012. Hana skipuðu: Aron Guðmundsson formaður, Hákon Atli Vilhjálmsson gjaldkeri, Snorri Sigbjörn Jónsson ritari, María Rebekka Hermannsdóttir

menningarviti, Birta Guðmundsdóttir málfinnur, Björgúlfur Egill Pálsson formaður leikfélags og Tómas Helgi Svavarsson formaður íþróttaráðs.

Stjórnin hefur unnið vel með skólastjórnendum og öðrum sem koma að félagslífi nemenda. Nemendur hafa haldið hvern stórviðburðinn á fætur öðrum, eins og glæsilega árshátíð og viðburðaríka dagskrá á Sólrishátíð og söngkeppni, þar sem ungmenni komu saman og skemmtu sér greinilega vel. Nemendafélaginu var vel stýrt og vel var haldið utan um allar fjárreiður þess. Framkoma nemenda á ýmsum viðburðum hefur almennt verið til fyrirmyndar hvað varðar skólasókn og reglusemi í samskiptum sínum við skólann.



Nemendur hafa haldið hvern stórviðburðinn á fætur öðrum, eins og glæsilega árshátíð og viðburðaríka dagskrá á Sólrishátíð og söngkeppni, þar sem ungmenni komu saman og skemmtu sér greinilega vel.

Í samstarfi við nemendur á þriðja ári bauð skólinn upp á sólarkaffi og rjómapönnukökur á sal fimmtudaginn 26. janúar en sólin skín í fyrsta sinn á ný á glugga skólans 23. janúar, eftir meira en tveggja mánaða fjarveru handan fjalla.

SÓLRISUHÁTÍÐ

Sólrishátíð hófst 4. mars og stóð til 13. mars. Þar var að vanda margt viðburða en hæst bar uppsetning leikfélags skólans á söngleiknum Grease undir leikstjórn Halldóru Rósu Björnsdóttur. Metaðsókn var, enda sýnt sex sinnum fyrir fullu húsi í félagsheimilinu í Hnífsdal. Það sem einkenndi sýninguna var krafturinn, gleðin og æskufjörrið og virkilega góðar söngradir og hve allir sem fram komu skiluðu sínum hlutverkum vel. Tréiðndeildin sá um að smíða palla og tröppur. Háriðndeildin sá um förðun. Á sviðinu var raunveruleg bifreið sem nemendur í málmíð

og vélstjórn sáu um að útbúa þannig að auðvelt væri að færa hann til og sjá til þess að hann bryti ekki leikfjalirnar. Hljóðkerfi skólans kom sér vel og skólinn keypti þráðlausa hljóðnema. Alls fengu 33 nemendur 1-2 einingar fyrir þátttöku í söngleiknum. Líklega hefur enginn annar áfangi í skólastarfinu komist nær því að sameina alla grunnþætti menntunar.



Frumskýning á söngleiknum Grease 2. mars 2012. Magnús Traustson (lengst til vinstri) í hlutverki Danny. Sunna Karen (fremst t.h.) í hlutverki englastelpunnar Sandy. Helga Þuríður Hlynsdóttir í hlutverki Rizzo lengst til hægri.

Á Sólrishátíð voru að þessu sinni þrjár Gróskudagar þar sem hefðbundið skólastarf var brotið upp og nemendur og kennarar störfuðu saman í fjölbreyttum smiðjum, allt eftir áhugasviðum hvers og eins. Meðal þess sem var í boði var golfkennsla, sjósund, meðferð björgunarbáta, gönguskíðakennsla, matreiðsla, tónlistarsmiðja, efnafræðitilraunir, félagsvist, víkingaskák og margt fleira.



Eitt af síðust atriðunum á Sólrishátíðinni var undankeppnin fyrir söngkeppni framhaldsskólanna sem fór fram í Reykjavík. Keppnin fór fram í Félagsheimilinu í Hnífsdal og tóku ekki færri en 15 atriði þátt að þessu sinni. Dómnefndin átti úr vöndu að ráða en þegar úrslitin voru kynnt kom í ljós að Ástrós Þóra Valdsóttir hafði hreppst fyrsta sætið. Hún fór því fyrir hönd NMÍ á lokakeppnina í Reykjavík.

Nokkur skólaböll voru haldin: Árshátíð, Sólrishúsbóll, Busabóll og 1. des. hátíð og ball eftir söngvakeppni sem var undankeppni fyrir stóru keppnina. Gæsla á böllum var í höndum tveggja

kennara og að auki var yfirleitt óeinkennisklædd lögregla á staðnum og lögreglan var á vaktinni fyrir utan. Hefur þetta samstarf við lögreglu gefist afar vel.

ÍSLANDSMÓT IÐN- OG VERKGREINA

Nemendur frá MÍ tóku þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík dagana 9. og 10. mars s.l. Keppendur frá MÍ voru fjórir, Brynjar Örn Þorbjörnsson, Óskar Þór Þórisson og Smári Karvel Guðmundsson í málmsuðu og Daníel Frey Jónsson í trésmíði. Keppendur stóðu sig allir með þrýði. Alls fóru 15 nemendur suður, ásamt tveimur kennurum, þeim Tryggva Sigtryggssyni málmsmíðakennara og Þresti Jóhannessyni trésmíðakennara. Ásamt því að styðja keppendur og skoða aðrar keppnisgreinar var farið í heimsókn í Borgarholtsskóla og Tækniskólann. Einnig voru heimsótt nokkur iðnfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.



Að venju buðu útskriftarefni starfsmönnum upp á kökuveislu næstsíðasta kennsludag á vorönn sem bar nú upp á 26. apríl.

UPPHAF HAUSTANNAR



Skólameistari flytur ávarp á sal skólans við skólasetningu 27. ágúst að viðstöddum nemendum, starfsmönnum og gestum.

Starf með kennurum hófst með kennarafundi að morgni 23. ágúst en öllum starfsmenn voru boðaðir á fundinn. Á starfsdögum var gerð grein fyrir starfsmennaferð til Kanada í byrjun júní. Unnið var að breytingum á skólanámskrá og sviðsfundir haldnir. Kennarar nýnema voru með unnu að sérstakri móttökuáætlun nýnema. Stutt námskeið voru haldin fyrir kennara um Moodle og einnig Google Docs sem er vefforrit og nýtist afar vel í kennslu.

Skólinn var settur þann 27. ágúst að viðstöddum nemendum, starfsmönnum og gestum. Við upphaf athafnarinnar lék Þormóður Eiríksson á gítar, lagið Fly me to the moon eftir Bart Howard. Að því búnu flutti skólameistari skýrslu sína og aðstoðarskólameistari fór yfir ýmis hagnýt atriði vegna skólastarfsins næstu daga. Síðan ávarpaði skólameistari nemendur og að lokum stóðu allir viðstaddir upp og sungu saman Ísland ögrum skorið eftir Eggert Ólafsson við lag Sigvalda Kaldalóns

MÓTTAKA NÝNEMA

Eins og áður þá fengu nýnemar sérstaka kynningu hjá umsjónarkennurum sínum og sérstaklega frá kennurum í lífsleikni. Að venju tóku eldri nemendur skólans á móti nýnemum með ýmsum uppákomum. Eftir að fjöldi nýnema og þar með húsnæði skólans hafði fengið óæskilegt lýsisbað á þriðjudegi voru nemendur sendir heim og eldri nemendur settir í að þrifa skólann. Innvígsluathöfn nýnema fór fram 29. ágúst og daginn eftir var hin árlega náms- og samskiptaferð nýnema með umsjónarkennurum og íþróttakennara.



Innvígsluathöfn nýnema fór fram 29. ágúst.

Farið var í Ósvör og að Núpi í Dýrafirði þar sem gist var í eina nótt. Í Dýrafirði var gengið út á Arnarnes og til baka að Núpi. Seinna um daginn var gengið í garðinn Skrúð og hann skoðaður. Um kvöldið var kvöldvaka og stjórn NMÍ kom í heimsókn og sagði frá félagslífinu í skólanum. Daginn eftir fóru nemendur í ratleik að loknum morgunverði og síðan var haldið heim á leið. Það var sérstaklega tekið til þess af þeim sem tóku á móti hópnum hvað nemendur voru háttvísir og þrúðir í framkomu.

Á laugardagskvöld var svo busaball haldið í skólanum en þar spilaði hljómsveitin xxxRottweiler. Á ballinu var mikið fjör og mæting mjög góð.



Nýnemar á Arnarnesi í nýnemaferð 30. ágúst.

STARFSMANNAHALD

Við Menntaskólann á Ísafirði voru um 32 manns, í heilum stöðum við kennslu og stjórnunarstörf. Kennarar við skólann eru að jafnaði 30 að meðtöldum stundakennurum eða kennurum í hlutastöðum.



Starfsmenn MÍ við upphaf haustannar 23. ágúst 2012. Efst. Þorleifur Ágústsson líffræðikennari. Næst efst f.v.: Þröstur Jóhannesson tréiðngreinakennari, Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari, Jóhannes Kristjánsson stærðfræðikennari, Páll Gunnar Loftsson húsvörður, Emil I, Emilsson starfsbrautar- og íslenskukennari, Tryggvi Sigtryggsson málmíðngreinakennari, Kristján Viggósson enskukennari. Þriðja röð f.v.: Hreinn Þorkelsson áfangastjóri og vistarvörður. Guðjón Torfi Sigurðsson tölvunarfræði- og stærðfræðikennari, Jónína Eyja Þórðardóttir stuðningsfulltrúi. Katrín Gunnarsdóttir bókavörður og dönskukennari. Fjórða röð f.v.: Sigríður Ingibjörg Karlsdóttir stuðningsfulltrúi, Guðbjörg Stefanía Þórðardóttir stuðningsfulltrúi, Stella Hjaltadóttir starfs- og námsráðgjafi og forvarnarfulltrúi, Hrafnhildur Hafberg íslensku- og frönskukennari, Rúnar Helgi Haraldsson félagsfræðikennari. Fimmta röð f.v.: Friðgerður Guðný Ómarsdóttir stærðfræði- og viðskiptagreinakennari, Gísli Halldór Halldórsson fjármálastjóri, Dóróthea Margrét Einarsdóttir raungreinakennari, Helga Guðrún Gunnarsdóttir háriðngreinakennari, Dagný Finnbjörnsdóttir förðunarkennari, Jónas Leifur Sigursteinsson íþróttakennari, Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari. Nedsta röð f.v.: Andrea Sigrún Harðardóttir sögukennari, Dagný Viggósdóttir ritari, Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir starfs- og námsráðgjafi og námsskrárstjóri, Rán Höskuldsdóttir íslenskukennari, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir kórstjóri og Friðrik Hagalín Smáráson vélstjórnargreinakennari. Á myndina vantar: Jóhann Ólafsson stundakennari í kælitækni, Jónas Þór Birgisson efnifræðikennari, Stefan Gunter Þýskukennari, Hugljúfu Ólafsdóttir matráður og Marissa Jacop Morden ræstitæknir.

Á vorönninni hófu fjórir kennarar störf sem höfðu allir kennt áður við skólann: Guðmundur Óli Lyngmo kenndi vélfræði í hálfu starfi og Jóhann Ólafsson kenndi kælitækni. Sigurður Jónsson kenndi hönnun skipa og Una Þóra Magnúsdóttir sá um kennslu í sjórétti.

Starfsmenn skólans voru 37 við upphaf haustannar og deildu með sér 35 stöðugildum. Friðrik Hagalín Smáráson vélfræðingur var ráðinn í fullt starf til kennslu vélfræðigreina. Helga Guðrún Gunnarsdóttir háriðnmeistari og Dagný Finnbjörnsdóttir snyrtifræðimeistari leystu Margréti Skúladóttur af en hún er í launalausum leyfi skólaárið 2012-2013. Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir var ráðin sem stuðningsfulltrúi. Jónas Leifur Sigursteinsson var ráðinn sem íþróttakennari. Dóróthea Einarsdóttir raungreinakennari kom úr fæðingarorlofi og var í 75% starfi. Guðjón Torfi

Sigurðsson kerfisfræðingur var áfram sem afleysingarkennari í stærðfræði en að auki kenndi hann tölvunarfræði sem var í boði sem valgrein. 3X Technology ehf. sá um kennslu sérgreina í stálsmíði og lét skólanum í té aðgang að húsnaði og tækjum honum að kostnaðarlausu en það skiptir sköpum að hægt er að bjóða upp á stálsmíði hér.

Stella Hjaltadóttir var áfram forvarnarfulltrúi við skólann við upphaf haustannar. Friðgerður Ómarsdóttir gegndi áfram stöðu félagsmálafulltrúa. Upplýsingatæknistjórnun er í höndum Rúnars Haraldssonar sem felst fyrst og fremst í að leiðbeina kennurum. Gísli Halldórsson fjármálastjóri sá um að halda utan um allar fartölvur skólans og koma þeim í viðgerð eftir þörfum.

Heimavistarvarsla var áfram í höndum Hreins Þorkelssonar. Hugljúf Ólafsdóttir sá um matseld í mötuneyti skólans eins og mörg undanfarin ár. Katrín Gunnarsdóttir var áfram bókaforður, Páll Gunnar Loftsson var húsvörður og Dagný Viggósdóttir ritari.

Tafla 3. Stöðugildi starfsmanna MÍ frá haustönn 2008 til haustannar 2012

	20082	20091	20092	20101	20102	20111	20112	20121	20122
Skólameistari	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Aðstoðarskólameistari	0,75	0,75	-	0,42	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75
Áfangastjóri	0,75	0,75	1,00	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75
Staðg. aðstoðarskm.	-	-	-	0,25	-	-	-	-	-
Fjármálastjóri	0,30	0,30	0,30	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Fjármálafulltrúi	0,70	0,70	0,70	0,08	-	-	-	-	-
Námsskrárstjóri	0,50	0,50	0,50	0,25	0,50	0,50	0,50	0,50	0,50
Náms- og starfsráðgjöf	1,00	1,00	1,00	0,90	1,00	1,00	1,00	1,17	1,00
Kennsla	23,56	23,74	22,25	21,78	21,48	21,15	21,44	21,96	21,38
Upplýsingatæknistjóri	1,00	0,31	0,31	0,33	0,03	0,05	0,05	0,05	0,02
Félagsmálastjóri	0,13	0,13	0,03	0,03	0,03	0,03	0,07	0,07	0,07
Forvarnarfulltrúi	0,13	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,07	0,07	0,07
Bókaforður	1,00	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75
Ritari	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Húsvörður	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Heimavistarvarsla	0,50	0,50	0,30	0,35	0,35	0,35	0,35	0,35	0,35
Ræsting	3,09	3,09	3,09	2,73	2,73	2,73	2,75	2,75	2,75
Stuðningsfulltrúi	-	0,50	-	0,25	-	-	1,25	1,25	2,00
Þroskaþjálfari	-	-	-	-	-	-	1,00	1,00	-
Samtals stöðugildi	36,4	36,0	33,3	32,9	32,4	32,1	34,7	35,4	34,4
Breyting frá hausti 2008		- 0,36	- 3,15	- 3,50	- 4,01	- 4,32	- 1,67	- 0,98	- 2,01
KÍ-stöðugildi	28,8	28,0	25,9	25,2	25,3	25,0	25,4	26,1	25,3

¹⁾ Ræsting er að mestu unnin sem verktakavinna.

Yfirvinna vegna kennslu var að jafnaði um 18% af allri kennslu. Í þessar tölur vantar aukagreiðslur fyrir umsjón, sjúkrapróf og ýmislegt sem fellur til sem greitt er í lok hverrar annar. Sviðstjórar voru 10. Með kennsluréttindi voru samtals 20, þar af 10 starfsmenn með meistarapróf og einn með doktorspróf. Ekki þurfti að greiða fyrir forföll í kennslu en önnur forföll voru samkvæmt rekstraráætlun eða 2,5% af stöðugildum. Í töflu 3 eru birtar tölur um stöðugildi í hverju starfi frá haustönn 2008 til haustannar 2012. Stöðugildum hefur fækkað frá haustönn 2008 sem endurspeglar viðbrögð við niðurskurði. Mestur hefur niðurskurðurinn verið í kennslu. Þjónusta á starfsbraut hefur aukist töluvert frá haustönn 2011 eða sem nemur rúmum 2

stöðugildum. Starfshlutfall félagsmála- og forvarnarfulltrúa var aukið í 15% sem er tvöfalt meira en var áður.

SJÁLFSMAT OG EFTIRFYLGNI

Í skólasamningi 2010-2012 er í öðrum kafla samningsins getið um stefnu, markmið og sjálfsmat. Sjálfsmatsnefnd skólans skilaði skýrslu fyrir skólaárið 2011-2012 í byrjun október. Formlegir fundir nefndarinnar á árinu 2012 voru sjö, fjórir á vorönn og þrjár á haustönn. Þess á milli voru vinnufundir þar sem m.a. var unnið í sjálfsmatskýrslu en einnig unnið að því að semja spurningar fyrir kannanir og vinna úr niðurstöðum þeirra. Nefndarmenn skiptu með sér verkum á milli funda. Nefndin fór í byrjun árs yfir niðurstöður áfangakönnunar frá haustönn 2011. Einnig var skipulögð könnun sem lögð var fyrir foreldra og forráðamenn á vorönn og áfangakönnun var lögð fyrir vegna u.þ.b. helmings áfanga á haustönn. Unnið var úr þeim niðurstöðum á vorönn 2013. Nánar má lesa um innra mat skólans í skýrslu sjálfsmatsnefndar sem er aðgengileg á heimasíðu skólans á slóðinni <http://www.misa.is/skolinn/sjalfsmat/skra/182/>. Sérstök umbótaáætlun var unnin af sviðstjórum í desember 2011 og lögð fyrir kennarafund 4. janúar 2012 þar sem hún var samþykkt. Sérstök sjálfsmatsáætlun er gerð til þriggja ára og birt á heimasíðu skólans.

Í lok haustannar 2011 mótuðu sviðstjórar skólans ásamt starfs- og námsráðgjöfum sérstaka umbótaáætlun fyrir vorönn 2012 með áherslu á kennsluhætti og námsmat með það að markmiði að auka gæði námsins og minnka brottfall. Umbótaáætlun vorannar 2012 var birt á heimasíðu skólans og auk þess birt í ársskýrslu 2011. Sérstök umbótaáætlun var unnin af sviðstjórum og kennurum á starfsdögum við upphaf haustannar 2012. Í þeirri áætlun eru eftirfarandi áherslur og staðan í lok haustannar:

- a) Góð samskipti nemenda og kennara. Jákvæðni. Unnið var með þetta í huga á haustönn og settir upp „broskallar“ á áberandi staði til að minna á þetta.
- b) Endurskoðun á móttökuáætlun nýnema – Kennarar nýnema og starfs- og námsráðgjafi settu upp sérstaka móttökuáætlun og dagskrá fyrir nýnema fyrstu tvær vikur haustannar. Eftir þessari áætlun var farið.
- c) Kennsluáætlun/námsáætlun – Kennsluáætlanir verða efiirleiðis kallaðar námsáætlanir. Markmið í þeim eiga að vera skýrari og nær því sem lagt er upp með í námskrá. Leggja þarf meiri áherslu á grunnþættina í áætlanagerð. - Þetta var rætt á sviðsfundum við upphaf haustannar.
- d) Ferilritun verði viðhöfð í ritgerðum og stærri verkefnum. - Komið af stað í mörgum fögum.
- e) Námskeið í Moodle og google docs verði haldið snemma á haustönn. Þetta var gert og einnig var haldið stutt námskeið um Titanpad.
- f) Auka samstarf og samræðu við grunnskólastigið. – Lítið gerst í þeim málum.
- g) Hafa frumkvæði að samþættingu náms á bóknámsstigi fyrsta árs. – Fundur var haldinn með kennurum í MA, þar sem ræddur var árangur og framkvæmd slíkrar samþættingar.
- h) Íslandskort í allar stofur og Evrópukort. – Ekki komið í allar stofur en þó nokkrar.
- i) Vinnuaðstaða starfsmann – Samkvæmt tillögum frá sjúkraþjálfara stendur til að starfsmenn fái skjái og lyklaborð við fartölvur sínar. Einnig geta þeir sem vilja, fengið betri stóla. Á eftir að skoða vélasal og starfsbrautaraðstöðu. Einnig á eftir að taka út vinnuaðstöðu námsráðgjafa. Stefnt að því að ljúka þessu á vorönn 2013.
- j) Kappróðrabátar verði lagfærðir og smíðaðar nýjar árar. Tilbúnir í vor fyrir kappróður við upphaf haustannar 2013. Kappróðrabátar voru fluttir á lóð skólans í október. – Verknámskennarar hafa kannað möguleika að ljúka þessu fyrir vorið en þeir telja að ekki sé raunhæft að ljúka þessu fyrir en í haust.

- k) Bæta aðstöðu nemenda á sal. – Borðum og stólum hefur verið fjölgað, fleiri tenglum hefur verið komið fyrir í gryfjunni svo nemendur geti verið þar með sínar fartölvur.
- l) Endurskoðun á skólareglum með einföldun að leiðarljósi. – Ekki hefur verið unnið markvisst að því enn sem komið er en stefnt að því að þessu verði lokið á starfsdögum í lok maí 2013.
- m) Endurskoðun stundatöflu. – Þetta hefur verið rætt á fundum stjórnenda. Markmiðið að lengja matartíma, breyta fundartíma sem verið hefur á fimmtudögum og sjá til þess að valgreinar séu í sama stökk.
- n) Fjölga meðlimum skólakórsins í 25. – Hefur ekki tekist en kórinn en kórinn hefur unnið gott starf..
- o) Auka námsráðgjöf fyrir innflytjendur og móttöku þeirra. Starfs- og námsráðgjafi fékk á haustönn fjórar kennslustundir á viku sem m.a. er ætlað fyrir stuðningskennslu fyrir innflytjendur.

FORVARNARSTARF

Í Menntaskólanum á Ísafirði er skipulega unnið að forvörnum með það að markmiði að leiða nemendur á braut hollra lífshátta og heilbrigðs félagslífs. Árið 2012 gegndi Stella Hjaltadóttir hlutverki forvarnarfulltrúa og Friðgerður Guðný Ómarsdóttir var áfram félagsmálafulltrúi. Forvarnastefna skólans, markmið og leiðir til framkvæmda eru birtar í skólanámskrá á heimasíðu skólans.

Stór hluti forvarnarstarfsins fer fram í lífsleiknitímum þar sem lífsleiknikennarar taka á hinum ýmsu málefnum og fá til liðs við sig góða gesti. Þrír kennarar skiptu kennslunni jafnt með sér og sá hver um ákveðna málaflokka. Þetta fyrirkomulag tókst afskaplega vel. Nokkrir fyrirlesarar komu í tíma á þessu kennsluári til þess að fræða nemendur. Fulltrúar frá Ástráði félagi læknanema komu í heimsókn og voru með kynfræðslu fyrir nemendur. Hlynur Snorrason fulltrúi VáVest hópsins kom með fyrirlestur um skaðsemi kannabisefna. Föstudaginn 11. febrúar á 112 deginum komu Harpa Guðmundsdóttir iðjuþjálfari og og Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, fulltrúar frá RKÍ á Ísafirði í skólann og kynntu sálrænan stuðning á sal.

HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI



Boðið var áfram upp á ókeypis hafragraut á morgnana og nemendur gátu einnig fengið keypt í mótuneytinu svokallað búst í löngu frímínútum. Vatnsbrunnur sem settur var upp 2011 á neðri hæð skólans hefur verið nýttur vel af nemendum.

Framboð í mótuneyti var tekið til endurskoðunar með tilliti til heilsueflandi framhaldsskóla. Salatbar er til staðar og er hann vel nýttur af nemendum og starfsfólki. Gestir mótuneytis hafa alltaf val um hollustu.

Fulltrúar 3. bekkjar sem reka sjoppuna taka mið af stefnu heilsueflandi framhaldsskóla og hafa verið að breyta sínum áherslum.

Á haustönn var byrjað að vinna með hreyfingu sem er annar hluti verkefnisins heilsueflandi framhaldsskóli. Íþróttakennari skólans hefur að miklu leyti komið að þeirri vinnu og verið með nýjungar fyrir nemendur. Boðið hefur verið upp á margs konar kynningar með fjölbreytta hreyfingu í huga. Hluti nemenda tók þátt í Lífshlaupinu og hvatti það nemendur til að huga enn betur að reglubundinni hreyfingu.

LÍFSLEIKNI

Stór hluti forvarnar-starfsins fram í lífsleiknitímum þar sem lífsleiknikennarar taka á hinum ýmsu málefnum og fá fyrirlesara í heimsókn. Til okkar komu nokkrir fyrirlesarar á síðasta skólaári til þess að fræða nemendur: Kynning á nýsköpun í samstarfi með Ísafjarðarbæ, Innovit. Atvest o.fl. Myndin Start up kids sýnd. Kynfræðsla á vegum Ástráðs félags læknanema (komu á vorönn v.þ.a. þeir komust ekki á haustönn annars er haustönnin notuð). Umferðarfræðsla var í samstarfi við Umferðarstofu. Hlynur H. Snorrason yfirlögregluþjónn og Helgi Sigmundsson læknir voru með fræðslu um skaðsemi kannabisefna.

KAPPRÓÐRABÁTAR

Menntaskólinn á Ísafirði og Verkalýðsfélag Vestfirðinga hafa gert samning um afnot af kappróðrabátunum Fjalari og Frosta gegn því að sjá um viðhald þeirra en það hefur verið ábótavant og ekki verið brúklegir í tvö ár. Bátarnir voru fluttir að verknámshúsi skólans í lok september. Stefnt er því að efna til róðrakeppni vorið 2013 og hafa meistaranemar Háskólaseturs Vestfjarða fengið boð um að taka þátt.

BARÁTTUDAGUR GEGN EINELTI

Þann 8. nóvember var baráttudagur gegn einelti að frumkvæði verkefnisstjórnar um aðgerðir gegn einelti. Þetta er í annað sinn sem þessi dagur er helgaður baráttu gegn einelti hér á landi. Þjóðin var hvött til að standa saman gegn einelti í samfélaginu ekki síst í skólum og á vinnustöðum. Í Menntaskólanum á Ísafirði var sérstök athygli vakin á þessum degi og mánudaginn 5. nóvember fengum við góðan gest í skólann til að fræða nemendur og starfsfólk um forvarnir gegn einelti og viðbrögð við því. Þetta var Kolbrún Baldursdóttir sem nýlega sendi frá sér bókina "Ekki meir" sem er handbók um þessi efni. Kolbrún hefur farið víða og kynnt efni bókarinnar og var heimsókn hennar til okkar mjög gagnleg. Á síðunni www.gegneinelti.is er hægt að skrifa undir þjóðarsáttmála gegn einelti og nú þegar hafa 7441 skrifað undir. Stöndum saman gegn einelti!

FORELDRASAMSTARF



Fundur í fyrirlestrasal með foreldrum og forráðamönnum nýnema var haldinn 27. ágúst.

Fundur með foreldrum og forráðamönnum nýnema var haldinn í fyrirlestrasal 27. ágúst. Á fundinum sem var mjög vel sóttur, fór skólameistari yfir mikilvægi samstarfs heimilis og skóla. Námsráðgjafara kynntu starfsemi sína og umsjónarkennarar nýnema kynntu sig. Aðstoðarskólameistari kynnti uppbyggingu náms við skólann og sýndi viðstöddum notkun á nemendaumsjónarkerfinu INNU og námsvefnum MOODLE. Fulltrúar úr nemendaráði komu einnig á fundinn, kynntu sig og sögðu frá félagslífinu við skólann. Að lokum komu frá VáVest þeir Hlynur Hafberg Snorrason og Helgi Kr. Sigmundsson. Þeir fjölluðu um skaðsemi marjúána og annarra skyldra efna.

Forvarnarfulltrúi skólans vinnur náið með VáVest hópnum sem hefur haft það að markmiði að vinna að vímuefnaforvörnum á norðanverðum Vestfjörðum. Í því sambandi hafa ungmenni, foreldrar þeirra og aðrir verið markhópurinn. Síðustu misseri hefur Vá Vest lagt áherslu á sjálfstyrkingu ungmenna og styrkir til að mynda sjálfstyrkinganámskeið fyrir nemendur MÍ.

AFREKSÍÞRÓTTIR

Frá 2006 hefur Menntaskólinn á Ísafirði boðið nemendum sínum afreksþjálfun í knattspyrnu, körfuknattleik, handknattleik, sundi, skíðum, glímu, hestaþróttum og sundi fatlaðra. Þjálfunin fór fram þrisvar í viku að mestu utan stundaskrár skólans eldsnemma morguns.

MÁLÞING NEMENDA UM MIKILVÆGI ÍÞRÓTTASTARFS

Nemendur Menntaskólans á Ísafirði í leiðbeinenda/þjálfaranámi ÍSÍ við skólann voru við æfingakennslu í íþróttaskóla HSV á vorönn. Í tengslum við áfangann var haldið málþing miðvikudaginn 15. febrúar um mikilvægi íþróttastarfs fyrir börn og ungmenni og þátttöku foreldra í því starfi. Einnig var fjallað um markmið og stefnu íþróttafélaga í íþróttum barna, um fyrirmynd og hlutverk þjálfarans og skipulag íþróttamóta fyrir börn og ungmenni.



Hermann Nielsson íþróttakennari fundar með foreldrum íþróttabarna 15. febrúar.

Þátttakendur voru um 50 talsins. Í hópstarfi sem fram fór eftir fyrirlestrana var sérstök áhersla lögð á að megintilgangur íþróttæfinga fyrir börn væri að efla alhliða þroska þeirra með áherslu á félagsþroska og hreyfiþroska. Að börnin fái að kynnst sem flestum íþróttagreinum, fjölbreytni sé í fyrirrúmi, hvatning, gleði og gaman ætíð við völd. Hóparnir ræddu einnig um hlutverk foreldra í samstarfi við íþróttafélögin og um stefnu hreyfingarinnar gagnvart íþróttum barna til 10 ára aldurs.

ÖRYGGISMÁL

Í öryggisnefnd 2012-1013 eru fjórir starfsmenn skólans:

Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari

Stella Hjaltadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Páll Gunnar Loftsson, húsvörður

Þröstur Jóhannesson, framhaldsskólakennari

Unnið var að gerð áhættumats um haustið og lauk því að mestu í nóvember. Öryggisnefndin hélt tvo fundi á haustönn þar sem farið var yfir athugasemdir um öryggismál frá vinnueftirliti og áætlun gerð um úrbætur. Samningi við Securitas var sagt upp í lok ágúst 2012 og gerður samningur við slökkvilið Ísafjarðarbæjar. Úrbætur voru unnar í samráði við starfsmenn þar sem við átti. Öryggishandbók skólans var send til Vinnueftirlitsins og er beðið eftir viðbrögðum við henni áður en hún verður vistuð á heimasíðu skólans og kynnt starfsmönnum á starfsmannafundi Niðurstaða áhættumatsins verður notað í starfsmannaviðtölum á vorönn 2013.

ERLEND SAMSKIPTI OG HEIMSÓKNIR

Þann 8. nóvember komu meistaranemar í haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða og voru með sérstaka kynningu á sér og verkefnum sínum fyrir nemendur. Þetta er liður í því að koma á samstarfi milli skólanna. Nemendur á þriðja og fjórða ári buðu svo meistaranámsnemum hjá Háskólasetri Vestfjarða í heimsókn til sín og kynntu fyrir þeim Vestfirðina í ensku máli og stuttmyndum. Kynningarnar voru hluti af sjálfstæðu rannsóknarverkefni sem nemendurnir hafa unnið að undanfarið.



Nemendur frá St. Marie du Port kynna sig og sinn skóla.

Síðan haustið 2004 hefur MÍ verið í samstarfi við St. Marie du Port í Les Sables d'Olonne á vesturströnd Frakklands. Um er að ræða nemendaskiptaverkefni þar sem nemendur beggja skólanna hafa skipst á heimsóknnum annað hvert ár, Frakkarnir koma til Ísafjarðar í október og Íslendingarnir fara utan í mars. Þetta hefur verið gert annað hvert ár allar götur síðan 2004. Í byrjun október komu nemendur og kennara frá skólanum í fimmta sinn til viku dvalar. Gestirnir dvöldu flestir heima hjá nemendum í MÍ. Eins og áður var það Hrafnhildur Hafberg frönskukennari sem hafðir veg og vanda af móttöku Frakkanna en dagskrá þeirra var þéttskipuð þessa daga sem þeir dvöldu á Ísafirði.

Tveir nemendur frá danska tækniskólanum EUC Lillebælt komu hingað til 4 vikna dvalar í lok september



Starfsmenn skólans í skólaheimsókn í Kanada.

21. maí lagði um um helmingur kennara ásamt skólameistara og mökum utan til Vesturheims og heimsóttu þrjá framhaldsskóla í Winnipeg Nýja Íslandi. Eftir heimkomuna var fundur haldinn 6. júní og dregið saman hvaða lærdómur hafi fengist við heimsóknirnar.

ÞRÓUNARVERKEFNI OG SAMSTARF

Mikill eldmóður ríkti almennt meðal kennara til að bæta skólastarfið. Á kennarafundi 16. maí voru mjög góðar og málefnalegar umræður um hvernig til hafi tekist á vorönninni með breyttar áherslur í kennsluháttum og námsmati sem settar voru við upphaf annarinnar. Kennarar voru almennt sammála því að flest það sem stefnt var að hafi gengið eftir. Vinnuframlag nemenda og ástundun var aukið í námsmatinu og margir áfangar voru án lokaprófa. Þessi stefna hefur þegar styrkt skólabrag MÍ og fagmennsku kennara sem birtist m.a. í meiri samræðu milli kennara um breytta kennsluhætti, inntak náms og markmið skólastarfsins. Allt þetta miðar að því að stuðla að því að nemendur skólans brautskráist með enn betra veganesti út í lífið en áður.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitt skólanum tvenna styrki á árinu: Styrkur að fjárhæð 1.580.000 kr til að þróa framhaldsskólabraut í samstarfi við fjóra framhaldsskóla. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja nám í skóla og þjálfun á vinnustað, vinna að námsefnisgerð og skrifa

brautar- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Styrkur að fjárhæð 2.000.000 kr til að þróa námsbraut í hlífðargassuðu. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja nám í skóla og nám og þjálfun á vinnustað í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu, undirbúa fagtengt íslenskunám í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og skrifa brautar- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins.

Námskrárstjóri starfar að innleiðingu nýrrar námskrár í samráði við stjórnendur, sviðstjóra og kennara.

Leiðsagnarmat við skólann er undir leiðsögn áfangastjóra. Samstarfsskólar unnu sameiginlega að uppbyggingu framhaldsskólabrautar.

Verknámskennarar hafa sótt fundi ráðuneytis um nýjar áherslur í verk- og starfsnámi. Biðstaða er þó í námskrárgerðinni því beðið er eftir tillögum frá starfsgreinaráðunum.

KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT

Gæði kennslu eru metin með kennslukönnun og var slík könnun síðast gerð í nóvember 2012. Einstaka kennarar leggja jafnframt sérstakar kennslukannanir fyrir sína nemendur. Í svörum nemenda kemur fram almenn ánægja með kennara skólans.

Hafþór Guðjónsson dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hélt námskeið um breytta kennsluhætti og námsmat 17. febrúar. Var þetta í framhaldi af námskeiði frá desember 2011 sem byggði á grein Hafþórs „Að vitsmunir barnanna þroskist á náminu“.

Um miðjan nóvember kom Ingvar Sigurgeirsson, fyrrum prófessor við HÍ í heimsókn í skólann og var með námskeið fyrir kennara skólans um kennsluhætti og námsmat. Eftir að hafa hlýtt á kennara skólans segja frá tilraunum sínum til bættra kennsluhátta og breytts námsmats gaf Ingvar út þá yfirlýsingu að Menntaskólinn á Ísfirði teldist nú meðal fjögurra þróunar skóla á framhaldsskólastigi um leiðsagnarmat. Eftir námskeiðið sem féll í góðan jarðveg hjá kennurum var stefnt að enn frekari á þróun þessara mála á næstu starfsdögum skólans.

UPPLÝSINGATÆKNI

Nemendur nota annað hvort einkatölvur eða þeir fá fartölvur til afnota í kennslutímum. Í hverri stofu eru fartölvur til afnota fyrir þá nemendur sem það vilja. Þráðlaust tölvukerfi er um allan skólann og einnig á heimavist. Sífellt fleiri áfangar eru nú skipulagðir með hliðsjón af tölvustuddri kennslu með samskiptakerfi á netinu er nefnist Moodle. Nemendur og starfsmenn skólans geta komist inn á innra vef skólans og þar með öll gögn frá heimili sínu. Ráðuneytið styrkti verkefni sem tengist leit MÍ að stöðluðum og tilbúnum lausnum á borð við hýsingu tölvukerfa, gjaldfrjálssar vefþjónustur s.s. g-mail og möguleika Moodle til að leysa af hendi sem flest upplýsingatæknimál skólans. Námsumhverfi - skref til skilvirkn eru leiðbeiningar unnar af sérfræðingum BECTA (British Educational Communications and Technology Agency) undir opnu notendaleyfi og þýddar af Rúnri Haraldssyni kennara með styrk frá ráðuneytinu. Þessar leiðbeiningar eru vistaðar á vef skólans: <https://sites.google.com/site/namsumhverfiskreftilskilvirkni/um-leidhbeiningarnar>. Skólinn opnaði Facebook síðu í byrjun febrúar. Þar eru helstu fréttir af skólastarfinu og upplýsingar um það sem er á döfinni, bæði í skólastarfi og félagslífi.

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Rekstur skólans á árinu 2012 var því sem næst hallalaus, eða 2 m.kr. Þetta er mun betri árangur en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir því reiknað hafði verið með allt að 17 m.kr. tapi á árinu vegna mikils samdráttar fjárheimilda. Skýringanna á skárrí rekstri er fyrst og fremst að leita í viðbrögðum ráðuneytis í framhaldi af samræðum um stöðu mála í skólanum, sér í lagi vógu þungt leiðréttingar vegna starfsbrauta. Uppsafnaður afgangur frá fyrri árum var engu að síður um 6 m.kr í lok ársins.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 var send mennta- og menningarmálaráðuneytinu í nóvember 2012 en endurskoðuð útgáfa í febrúar 2012 í samráði við ráðuneytið. Líklegt er að uppsafnaður afgangur verði upp étinn á árinu.

Tafla 5. Rekstraráætlun 2012

Helstu liðir	Raun	Áætlun	
	2012	2013	
08 Aðrar rekstrartekjur	-3.867.155	-3.857.999	
08 Markaðar tekjur	0	0	
08 Sértekjur	-27.007.564	-17.793.702	
Tekjur alls	-30.874.719	-21.651.701	
01 Laun	201.066.622	209.781.261	
02 Ferðir og fundir	2.719.769	3.240.729	
03 Rekstrarvörur	9.111.014	9.429.637	
04 Aðkeypt þjónusta	29.062.011	17.527.811	
05 Húsnæði	59.261.203	63.565.978	
06 Bifreiðar og vélar	539.696	558.196	
07 Rekstrarkostnaður	962.692	3.676.174	
Rekstrarkostnaður	302.723.007	307.779.786	
Til ráðstöfunar skv. fjárlögum	249.300.000	275.500.000	
Til ráðstöfunar frá fyrra ári	8.070.530	6.080.358	
annað	20.558.116	2.281.440	
Fjárheimildir alls	277.928.646	283.861.798	
Rekstrarafk. innan ársins	-1.990.172	-8.346.645	-2,9%
Rekstrarafgangur	6.080.358	-2.266.287	-0,8%
	Afgangur (+)	Halli (-)	

REKSTRARLEIGA - TÖLVUBÚNAÐUR

Samningur sem liggur að baki meginhluta tölvubúnaðar rann sitt skeið í nóvember 2012. Rekstrarleiga er því alveg fallin niður á árinu 2013. Samhliða er að einhverju leyti komið að viðhaldi á tölvubúnaði og endurnýjun. Með minnkandi kostnaði vegna tölvubúnaðar skapast svigrúm til endurnýjunar og lagfæring og stefnt er að því að það fari fram jöfnum höndum næstu árin. Umtalsverðar endurbætur á fartölvum kennara vor gerðar í lok ársins. Lögð hafa verið drög að áætlun um að uppfæra nemendafartölvur á næstu tveimur til þremur árum eftir þörfum.

SAMDRÁTTUR Í FJÁRHEIMILDUM

Fjárheimildir til skólans hafa lækkað frá 2007 um 24% að raungildi. Stöðugildi hafa því verið skorin niður um 19,5% frá 2007 og 12,4% frá haustönn 2008. Á haustönn 2012 er ætlunin að fara af stað með framhaldsskólabraut og bjóða upp á nýsköpunaráfanga sem mun væntanlega auka kennslumagnið lítillega í verknámi. Ekki er hægt að draga úr framboði bóknámsgreina frekar, en haldið verður áfram að hagræða í hópa eins og kostur er.

Tafla 1. Þróun fjárheimilda og helstu kennitölur í rekstri skólans frá 2004.

Ár	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjárheimildir árs eftir viðbætur, Mkr	190	207	213	248	247	273	282	273	270
Br., lr. m/verðlagi		5%	-3%	11%	-10%	-2%	-3%	-6%	-6%
Br. frá 2004, m.v. verðlag		5%	1%	12%	1%	-1%	-4%	-10%	-16%
Afgangur / halli Mkr	5	-12	-15	17	-14	7,2	7,2	0	-2,0
Hlutfall af fjárheimildum ársins	2,6%	-5,8%	-7,0%	6,9%	-5,7%	2,9%	2,5%	3,8%	-3,7%
Innritaðir nýnemar	96	83	71	54	77	74	74	77	84
Reiknaðir ársnemendur	278	297	259	244	247	259	246	258	276
Ársnemendur í fjárlögum			320	321	320	320	308	290	290
Brottfall	13,4%	8,3%	6,2%	11,9%	10,2%	8,6%	8,3%	7,7%	2,5%
Kest./viku án starfsbr.	660	733	642	621	609	567	534	520	520
Stöðugildi	41	43	39	39	40	38	35	35	36

1) Starfsbrautarnemendur eru ekki taldir hér með í ársnemendatölum enda er mjög breytilegt hvers konar þjónustu þessir nemendur fá.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að B-nám vélstjórnar verði ekki í boði næsta haust en það mun fækka ársnemendum um 5.

ENDURNÝJUN OG VIÐBÆTUR VIÐ BÚNAÐ

Nemendur komu á framfæri ósk um að bætt yrði við stóla í aðstöðu þeirra í Gryfjunni. Í kjölfarið voru pantaðir 50 nýir stólar sem komu í hús á vorönn 2012. Einnig voru 30 stólar sem voru orðnir úr sér gengnir, sendir í viðgerð og komu til baka á vorönn.

Nýsköpunarstofa (FabLab) hóf starfssemi sína um haustið. Stofan er rekin í samstarfi við bæjarfélög og fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum. Kostnaður vegna kaupa á tölvustýrðum fræsara og á tölvustýrðum vélum í FabLab hefur verið fjármagnaður með styrkjum sem skólinn fékk frá samstarfsaðilum og ráðuneyti. Skólinn leggur til húsnæði og greiðir orkukostnað og ræstingu. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur séð um innkaup en skólinn mun svo eiga allan búnað, tæki og efni og verður kostnaður vegna kaupanna bókfærður á móti styrkjum.

Nýsköpunarmiðstöð hefur ráðið Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur í tímabundið 50% starf sem umsjónarmaður smiðjunnar. Stafræna smiðjan hefur þegar verið opnuð fyrir almenning og hefur þátttaka verið góð sérstaklega síðustu daga.

Á síðasta skólaári var gerð könnun á vinnuástöðu kennara sem leiddi í ljós að stöðug notkun fartölvuskjáa án sérbúnaðar á vinnuborðum er óæskileg. Kaupa þarf tölvuskjá, lyklaborð og annan búnað til að bæta vinnuástöðu. Kostnaður er áætlaður um 1,5 Mkr.

Fyrirséð er að endurnýja þarf allmargar dýnur og nokkur rúm á heimavist.

Endurnýjun og viðbætur við kennslubúnað í verknámi hafa alfarið verið fjármögnuð af fagfélögum og fyrirtækjum. Endurnýjun á kennslutækjum í bóknámi hefur verið haldið í lágmarki í allmörg ár. Mikil þörf er fjárfestingum í slíkum kennslubúnaði þegar svigrúm gefst.

STUÐNINGUR VIÐ INNFLYTJENDUR

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fengu sérstakan stuðning í MÍ. Nemendur sem eru af erlendum uppruna eða hafa búið lengi erlendis taka sértaka íslensku svokallaða ÍSA áfanga sem er íslenska sem annað móðurmál. Einstaka nemendur fara síðan í hægferðaráfanga í íslensku.

Kostnaður vegna íslenskukennslu fyrir innflytjendur og veittir styrkir til hennar 2011 og 2012 er sýndur hér í töflu.

Ár	2011	2012
Kennslukostnaður	2.217.000	2.793.853
Styrkur frá ráðuneyti	800.000	500.000
Mismunur	1.417.000	2.293.853

REKSTUR STARFSBRAUTA, SÉRKENNSLA

Menntaskólinn á Ísafirði hefur þá sérstöðu fram yfir flesta skóla landsins að honum ber skylda til þess að taka við öllum nemendum af sínu svæði, norðanverðum Vestfjörðum, og veita þeim nám og aðstoð við hæfi, þ.á.m. þeim sem þurfa mikinn stuðning og aðstoð. Þetta er vitaskuld dýrara en að safna saman nemendum með líkar þarfir. Rekstur starfsbrauta skólans er afar dýr. Mikill kostnaður við rekstur starfsbrauta virðist hafa dregið úr fjárheimildum í annan rekstur. Rekstur starfsbrauta 2012 var nálægt 9% af fjárheimildum. Gert er ráð fyrir óbreyttri þjónustu við starfsbrautarnemendur.

Enginn annar stuðningur í formi sérkennslu var fyrir aðra nemendur sem standa höllum fæti árið 2012 þrátt fyrir verulega þörf. Á næsta ári er gert ráð fyrir 12-14 kennslustundum á viku vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur sem eru ekki endilega á almennri braut heldur einnig í verknámi og eru komnir vel áleiðis í námi á stúdentsprófsbrautum.

VEIKINDAFORFÖLL

Veikindi og forföll starfsmanna hafa verið mjög dýr. Frá 2009 hefur skólinn ekki átt kost á neinum tryggingum sem bæta honum útgjöld vegna launa starfsmanna sem eru frá vegna veikinda um lengri tíma. Í fjárhagsáætlun 2010 og 2011 var gert ráð fyrir kostnaði vegna veikindaforfalla sem

nemur 2,5% af grunnstörfum og var það raunin þau árin. Forföll starfsmanna árið 2012 hafa kostað skólann minna og eru rétt undir 1 Mkr., sem er svipað og gert var ráð fyrir í lokaútgáfu fjárhagsáætlunar 2012. Í fjárhagsáætlun ársins 2013 er gert ráð fyrir 2,5% af grunnlaunum í veikindaforföll, enda sýnir reynslan að varhugavert er að gera ekki ráð fyrir forföllum af þeirri stærðargráðu, þó þau séu minni í flestum árum. Ef hægt væri að leggja til hliðar í einhverskonar varasjóð vegna þessa málaflokks mætti e.t.v. draga úr áhrifum hans á áætlun hvers árs.

FRAMTÍÐARHORFUR

Í samdrætti undanfarinna ára hefur Menntaskólinn á Ísafirði dregið svo mjög úr fjölda kenndra áfanga að nemendur sækja sér kennslu annað með fjarnámi í meiri mæli en æskilegt væri. Þetta leiðir svo aftur til aukins kostnaðar fyrir nemendur. Ef lengra verður gengið er hætt við að skólinn missi eitthvað af aðdráttarafli sínu í ljósi takmörkunar á námsframboði.

Það er skoðun skólastjórnenda að taka þurfi til endurskoðunar fjárheimildaúthlutun á grundvelli nemendagólfs sem nú hefur verið lækkað í 290 nemendur.

Samfélagið á norðanverðum Vestfjörðum þarfnast þess að hér verði áfram rekinn öflugur framhaldsskóli sem mætir þörfum nær allra nemenda úr nágrenni hans.

ÚTSKRIFT

Laugardaginn 19. maí voru 35 nemendur brautskráðir frá Menntaskólanum á Ísafirði. Að vanda var útskriftarathöfnin haldin í Ísafjarðarkirkju að viðstöddu fjölmenni. Að þessu sinni voru útskrifaðir tveir nemendur úr B-námi vélstjórnar og þrír úr A-námi vélstjórnar. Einn sjúkraliði lauk námi og fjórir nemendur af fjögurra ára starfsbraut. Alls voru brautskráðir 25 stúdentar af félagsfræða- og náttúrufræðibrautum. Að vanda sáu útskriftarnemar um tónlistarflutning í athöfninni auk Skólakórs MÍ undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur. Við athöfnina voru óvenju mörg tónlistaratriði enda margir úr hópi nýstúdenta sem stunduðu tónlistarnámi samhliða menntaskólanámi. Að venju voru fjölmörg verðlaun veitt nemendum við athöfnina fyrir góðan árangur og ástundun í námi. Hæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi hlaut Sunna Karen Einarsdóttir en hún lauk prófi af náttúrufræðibraut á þremur árum með einkunnina 9,43. Næst hæstu einkunn hlaut Silja Rán Guðmundsdóttir stúdent af náttúrufræðibraut með meðaleinkunn 9,35.

Útskriftarveisla var í íþróttahúsinu um kvöldið og voru þar um 230 gestir. Kór MÍ flutti þar mjög skemmtilegan söngleik og útskriftarnemar voru með skemmtiatriði ásamt afmælisárgöngum. Halldór Smárason lék á píanó undir borðhaldi eins og hann hefur gert frá 15 ára aldri en hann spilaði svo einnig með hljómsveitinni Húsinu á sléttunni í fjörugum og samfelldum dansleik sem stóð til kl 02.00.



Útskrift frá Menntaskólanum á Ísafirði 19. maí 2012. Fjórða röð frá vinstri: Hreinn Þorkelsson, áfangastjóri. Daníel Rafn Ólafsson, stúd. Ingólfur Jón Línberg Halldórsson, VVB. Ásgeir Hinrik Gíslason, VVA. **Þriðja röð frá vinstri:** Andri Pétur Prastarson, stúd. Aníta Björk Jóhannsdóttir, stúd. Ásrún Lárusdóttir, viðbótarnám til stúdentsprófs. Gerður Ágústa Sigmundsdóttir, stúd. Hallberg Brynjar Guðmundsson, stúd. Hermann Óskar Hermannsson, stúd. Hreinn Þórir Jónsson, stúd. Kristný Pétursdóttir, stúd. Jóhann Gunnar Guðbjartsson, stúd. Steinþór Örn Ávarsson, starfsbraut. Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari. **Önnur röð frá vinstri:** Hildur Halldórsdóttir, aðstoðarskólameistari. Valur Richter, VVA. Baldur Geir Gunnarsson, stúd. Guðbjörg Ebba Högnadóttir, stúd. Guðni Páll Guðnason, stúd. Herdís Magnúsdóttir, stúd. Hrefna Jónsdóttir, stúd. Klara Dís Gunnarsdóttir, stúd. Ingibjörg Kristjánsdóttir, stúd. Silja Rán Guðmundsdóttir, stúd. Sunna Karen Einarsdóttir, stúd. Guðmundur Leó Skjaldarson, starfsbraut. **Fyrsta röð frá vinstri:** Anna Elísa Karlsdóttir, stúd. Berglind Halla Elíasdóttir, stúd. Dagný Sveinsdóttir, stúd. Fanney Jónsdóttir, stúd. Kristín Ósk Sigursjónsdóttir, stúd. Rannveig Jónsdóttir, stúd. Arnar Már Pétursson, VVB. Emilía Arnþórsdóttir, starfsbraut. Kristín Þorsteinsdóttir, starfsbraut. Linda Björk Óskarsdóttir, sjúkraliði.



Útskrift frá Menntaskólanum á Ísafirði 19. desember 2012. **Efri röð frá vinstri:** Sigríður Sigþórsdóttir viðbótarnám til stúdentsprófs, Emil Rein Grétarsson stúdent, Finnbogi Dagur Sigurðsson stúdent, Katrín Líney Jónsdóttir stúdent, Þorgerður Þorleifsdóttir stúdent. **Neðri röð frá vinstri:** Inga Kristín Pétursdóttir viðbótarnám til stúdentsprófs, Linda Rut Ásgeirsdóttir viðbótarnám til stúdentsprófs, Anna Margrét Vilhjámsdóttir stúdent, Elín Jónsdóttir stúdent, Hjördís Þráinsdóttir stúdent, Kristín Ósk Jónsdóttir stúdent.

Laugardaginn 19. desember voru 13 nemendur brautskráðir frá skólanum í Ísafjarðarkirkju. Þrír af Vélstjórnarbraut með B-stig, þrír af sjúkraliðabraut með viðbótarnám til stúdentsprófs, þrír af félagsfræðabraut og fjórir af náttúrufræðibraut. Á öllu árinu voru 48 nemendur útskrifaðir.

Menntaskólanum á Ísafirði, 6. mars 2013

Jón Reynir Sigurvinsson

skólameistari